

26. janúar 1976.

21

Nr. 18.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 370 17. desember 1974, um
innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi liður:

Tollskrá

Kafli nr.

Vörutegund

19.07.00

Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta.

19.08.00

Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast gildi nú þegar.

Viðskiptaráðuneytið, 26. janúar 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.